

Rammaáætlun
Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða
5. áfangi 2021-2025

Matslýsing

**sbr. 5. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana,
nr. 1381/2021**



Verkefnisstjórn 5. áfanga rammaáætlunar

Maí 2024



Viðfangsefni áætlunar

Umhverfismatið sem hér um ræðir nær til tiltekins hluta af tillögugerð verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar. Þessi tiltekni hluti felur í sér heildarmat á fimm virkjunarkostum sem fjallað var um að hluta í 4. áfanga rammaáætlunar. Ekki náðist að ljúka vinnu við mat á virkjunarkostunum á þeim tíma og því gengu þeir áfram til verkefnisstjórnar 5. áfanga. Um er að ræða einn virkjunarkost í jarðvarma, þ.e. *Bolaölduvirkjun* við Vífilfell, auk fjögurra virkjunarkosta í vatnsafli. Þeir eru *Hamarsvirkjun* inn af Hamarsfirði sunnarlega á Austfjörðum, *Hvanneyrardalsvirkjun* inn af Ísafirði innst í Ísafjarðardjúpi, *Skúfnvatnavirkjun* syðst á Langadalsströnd innst í Ísafjarðardjúpi og *Tröllárvirkjun* inn af Vattarfirði í Reykhólahreppi.

Samkvæmt 3. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, leggur ráðherra „í samráði og samvinnu við þann ráðherra er fer með orkumál eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða“, þar sem mótuð er „stefna um hvort landsvæði þar sem er að finna virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar. Virkjunarkostir á viðkomandi svæðum eru samkvæmt því flokkaðir í orkunýtingarflokk, verndarflokk eða biðflokk“.

Markmið laga nr. 48/2011 er „að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“. Lögin ná til „landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti til orkuvinnslu, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlendna“.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 48/2011 skipar ráðherra „sex manna verkefnisstjórn til fjögurra ára í senn sem er ráðherra til ráðgjafar við undirbúning að gerð tillagna fyrir verndar- og orkunýtingaráætlun“ samkvæmt lögunum. Samkvæmt 9. gr. annast verkefnisstjórn „upplýsingasöfnun, faglegt mat [...] og gerð tillagna til ráðherra vegna verndar- og orkunýtingaráætlunar og er samráðsvettvangur vegna hennar“. Verkefnisstjórn skipar faghópa og að fengnum niðurstöðum þeirra „vinnur verkefnisstjórn drög að tillögum um flokkun virkjunarkosta og afmörkun virkjunar- og verndarsvæða í samræmi við flokkunina“, skv. 3. mgr. 10. gr. laganna. „Að loknu samráðs- og kynningarferli, og að loknu umhverfismati í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana,¹ leggur verkefnisstjórn fyrir ráðherra rökstuddar tillögur um flokkun virkjunarkosta og afmörkun landsvæða í samræmi við flokkunina“.

¹ Nú lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Matsskylda

Samkvæmt 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, eru áætlanir og breytingar á áætlunum háðar umhverfismati ef þær uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Marka stefnu fyrir leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög.
- Eru undirbúnar og/eða afgreiddar af stjórnvöldum.
- Eru unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.

Tillaga að verndar- og orkunýtingaráætlun er því háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmd umhverfismats

Umhverfismat verndar- og orkunýtingaráætlunar (Rammaáætlunar) fer fram samhliða gerð áætlunarinnar. Í matinu er leitast við að lýsa og leggja mat á líkleg umhverfisáhrif af framkvæmd áætlunarinnar út frá skilgreindum viðmiðum, með sérstakri áherslu á þá umhverfisþætti sem líklegt er að verði fyrir umtalsverðum áhrifum eða eru sérstaklega viðkvæmir, svo sem vegna náttúruverndargildis. Þessu til viðbótar er leitast við að lýsa raunhæfum valkostum við áætlunina og lagt mat á þá, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar. Þetta felur m.a. sér mat á „núllkosti“, þ.m.t. hvort „núllkostur“ sé raunverulegur valkostur í því samhengi sem hér um ræðir. Þá felur vinna við umhverfismatið í sér lýsingu á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á.

Upplýsingar um umhverfisþætti og umhverfisáhrif sem tengjast kunna framkvæmd áætlunarinnar verða settar fram í töflum og texta. Sama á við um samlegðaráhrif virkjunarkosta, en í umhverfismatinu verður lögð sérstök áhersla á að leggja mat á þau. Dæmi um slík samlegðaráhrif koma fram þegar tiltekin ráðstöfun tiltekins virkjunarkosts hefur áhrif á verðmæti landsvæðis eða landsvæða sem verða fyrir áhrifum af öðrum virkjunarkosti eða virkjunarkostum.

Við matsvinnuna verður byggt á fyrirliggjandi gögnum og rannsóknum sem faghópar hafa lagt til grundvallar sinni vinnu, þar sem umhverfisáhrif hvers virkjunarkosts um sig hafa verið greind sérstaklega. Stuðst verður við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmda og áætlana – og í vinnunni verður lagt mat á hvort meginstefnumörkun áætlunarinnar fylgi almennt markmiðum þeirra umhverfisviðmiða sem lögð eru til grundvallar umhverfismati.

Auk samlegðaráhrifa virkjunarkosta innbyrðis verða samlegðaráhrif sjálfrar áætlunarinnar með öðrum gildandi áætlunum tekin til sérstakrar skoðunar. Þetta á m.a. við um Landsskipulag, Samgönguáætlun, Bygðaaáætlun og Kerfisáætlun Landsnets. Í þessu sambandi verður einkum leitast við að varpa ljósi á það hvernig áherslur í Rammaáætlun falla að markmiðum þeirra áætlana sem í hlut eiga. Þessi tengsl verða sett fram og skýrð í töflum í umhverfisskýrslu.

Í verndar- og orkunýtingaráætlun fer fram allítarlegt mat á umhverfisáhrifum einstakra virkjunarkosta og er þeim síðan raðað m.t.t. þessara umhverfisáhrifa. Út frá þeirri röðun er tekin ákvörðun um hvaða virkjunarkostir fara í orkunýtingar,- bið,- eða verndarflokk í tillögu verkefnisstjórnar til ráðherra. Áætlunargerðin sjálf felur því í raun í sér stóran hluta þeirrar vinnu sem alla jafna þarf að ráðast í við umhverfismat áætlana, einkum áætlana sem ekki hafa lágmarkun umhverfisáhrifa að markmiði.

Viðföng

Í umhverfismatinu verða sem fyrr segir skoðaðir þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar, en þessir þættir eru jafnframt þau viðföng og undirviðföng sem liggja til grundvallar umfjöllunar faghópa um virkjunarkosti.




Umhverfisviðmið

Í umhverfismatsskýrslu verður settur fram listi yfir þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar mati á samlegðaráhrifum á tiltekin viðföng. Þau viðmið er m.a. að finna í lögum um náttúruvernd og í tillögu að landsskipulagsstefnu.

Niðurstöður umhverfismats

Niðurstaða umhverfismats verður birt í umhverfismatsskýrslu og að miklu leyti sett fram í venstatöflum, þar sem bæði verða sýnd áhrif einstakra virkjunarkosta á þau viðföng sem faghópar hafa til umfjöllunar og samlegðaráhrif einstakra virkjunarkosta innan hvers svæðis. Áhrif rammaáætlunar á umhverfismarkmið stjórnvalda skv. öðrum gildandi áætlunum verða einnig dregin saman í töflu.

Í umhverfismatsskýrslu verða umhverfisáhrif skýrð með litum og merkingum á eftirfarandi hátt:

| | |
|---|------------------------|
|  | Veruleg neikvæð áhrif |
|  | Nokkur neikvæð áhrif |
|  | Óveruleg neikvæð áhrif |

Samræmi eða ósamræmi verður skýrt á sambærilegan hátt.

Samráð og kynning

Haft verður samráð við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni umhverfismatsins, eins og mælt er fyrir um í 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021. Umhverfismatsskýrsla verður hluti þeirra gagna sem kynnt verða sem drög að tillögu verkefnisstjórnar og samráði og kynningu háttáð eins og mælt er fyrir um í 10. gr.

laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 og í 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Kaflaskipting

Gert er ráð fyrir að kaflaskipting umhverfismatsskýrslu verði í grófum dráttum sem hér segir:

1. Samantekt umhverfismats
2. Matsskylda
3. Sérstaða Rammaáætlunar
4. Aðferðir og viðmið
5. Helstu viðföng sem verða fyrir áhrifum
6. Samanburður valkosta
7. Tengsl við aðrar áætlanir
8. Vöktun
9. Kynning og samráð
10. Athugasemdir og viðbrögð

Tekið saman fyrir Verkefnisstjórn 5. áfanga Rammaáætlunar
Stefán Gíslason
Environice
Hvanneyri